

Bæjarráð samþykkir að óska eftir því við Svf Flóahrepp, að sveitarfélagamörkum á milli Svf Árborgar og Svf Flóahrepps verði breytt.

#### Greinargerð:

Um er að ræða breytingu á sveitarfélagamörkum er snýr að framtíðaruppbyggingu lands m.a úr jörðinni Laugardælum sem er í eigu Svf Árborgar. Það er skoðun bæjarráðs að í ljósi mikillar uppbyggingar í sveitarfélaginu að undanfögnu, að nauðsynlegt sé að fara að vinna í skipulagsmálum á þessu landi sem allra fyrst. Gera má ráð fyrir að hluti af framtíðaruppbyggingu verslunar og þjónustu muni verða byggð upp á þessu svæði á næstu árum, íbúum beggja sveitarfélagana til hagsbóta. Til þess að hraða þeirri skipulagsvinnu sem er framundan er á þessu landssvæði er þessi beiðni lögð fram.